

TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Gangbraut yfir Rafstöðvarveg.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að göngupverun yfir Rafstöðvarveg, til móts við þann stað þar sem hitaveitustokkur þveraði Elliðaár, verði merkt sem gangbraut.
2. Að göngupverun yfir hjólastíg vestan Rafstöðvarveg, til móts við þann stað þar sem hitaveitustokkur þveraði Elliðaár, verði merkt sem gangbraut.

Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í tengslum við gerð nýrra göngu- og hjólastíga meðfram Rafstöðvarvegi, frá rafstöð að Bíldshöfða, og göngubrúar yfir Elliðaár. Gönguleiðin er stofnleið gangandi vegfarenda úr Ártúnsholti og að undirgöngum undir Reykjanesbraut um hina nýju göngubrú yfir Elliðaár. Því er lagt til að gangandi vegfarendum sé veittur forgangur yfir þveranirnar með gangbrautarmerkingum. Hönnunin á gangbrautinni yfir Rafstöðvarveg gerir ráð fyrir upphækkaðri göngupverun hornrétt á akbrautina.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Mynd úr borgarvefsjá – staðsetning gangbrauta.
2. Drög að merkingum gangbrauta.



Mynd 1 - Staðsetning gangbrauta



Mynd 2 - Drög að merkingum gangbrauta